

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

44. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2026, föstudaginn 8. maí kl. 8:30, var haldinn 44. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Kjartan Geir Karlsson, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 44. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd
2. Málefni Vigur – mæting á fund Árne Þórólfr Arnason lögmaður
Lögmaður kom inn á teams fund. Fundi lauk án eiginlegrar niðurstöðu.
3. Fundargerð 18. fundar fræðslu-, tómsunda-, menningar- og kynningarnefndar dags. 29.4.2026
Fundargerðin er samþykkt.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í að halda viðburð af tilefni 135 ára afmælis skólalahalds í Súðavík og leggur til að fengið verði tónlistaratriði meðfram dagskrá. Sveitarstjórn leggur til að skoðað verði samstarf við Ísafjarðarbæ um verkefnið Ágúst á ferðinni og stefna á að halda viðburð s.s. brennu og brekkusöng.
Varðandi fornminjar í Vatnsfirði leggur sveitarstjórn til að haft verði samstarf við staðarhaldara um slátt og merkingar og útbúnað bílastæða við Vatnsfjörð. Skoðað verði framhald um skipulag svæðisins og framtíð með Vestfjarðastofu.
4. Fundargerð 52. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 7.5.2026
Sveitarstjórn samþykkir að úthluta til Tanga ehf. tveimur lóðum í Holtagötu að eigin vali til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis sbr. umsókn dags. 24.4.2026.
Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Tanga ehf. lóðum 6-8 við Grundarstræti fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir Súðavíkurhrepp og jafnframt lóðum 10-20 við Grundarstræti fyrir aðra uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.
Fundargerðin samþykkt.
5. Verksamningur um byggingu húsnæðis í Súðavík – Vestfirskir verktakar
Sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að ganga til samninga við Vestfirska verktaka / Tanga ehf. um byggingu á 6 íbúðum við Grundarstræti 6-8. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi fyrir hönd sveitarstjórnar.
6. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2025 – fyrri umræða
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir drög að ársreikningi 2025 við fyrri umræðu.

7. Tillaga að svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050

Sveitarstjórn Súðavíkurhepps samþykkir tillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:12



Kjartan Geir Karlsson




Bragi Þór Thoroddsen



Jónas Ólafur Skúlason



Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti